

Nd. **758. Nefndarálit** [188. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og aflað sér álits hreppsnefndar Öxnadalshrepps, Landnáms ríkisins og jarðeignadeildarinnar. Þessir aðilar allir mæla einróma með því, að söluheimild verði veitt. Nefndin mælir og með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 28. apríl 1970.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.	Pálmi Jónsson, fundaskr.	Benedikt Gröndal.
Stefán Valgeirsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Jónas Pétursson.